

Nr. 128 / 10 Grímsnes GK 555***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 89
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1963 stál
Stærð: 178,6 brl. 276,8 bt.
Mesta lengd: 36,05 m Skráð lengd: 32,83 m
Breidd: 6,72 m Dýpt: 5,72 m
Vél: Caterpillar 671 kW 1985
Fjöldi skipverja: 9



Grímsnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælsyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. september 2010 var Grímsnes GK 555 við bryggju í Grindavík.

Skipverjar voru að vinna við löndun þegar kar fullt af afla féll ofan í annað kar með þeim afleiðingum að hægri hendi eins þeirra klemmdist á milli karanna. Slasaði var sendur til læknis og eftir skoðun kom í ljós að hann var brotinn á baug- og litla fingri.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að draga þriggja kara stæðu undan afturkanti lúgukarmsins og hélt skipverjinn við stæðuna á meðan hún var dregin fram. Þegar byrðinni var slakað niður undir lúguopinu féll efsta karið niður í það næsta;
- að sögn slasaða var kallað í spilmann en hann hífði stæðuna áleiðis upp áður en hann áttaði sig á hverskyns var. Slakaði hann þá hratt niður með þeim afleiðingum að efsta karið gekk ennþá lengra niður og þá hafi fingurnir brotnað. Að mati slasaða var um ógætilega hífingu að ræða og til að verða ekki á milli stæða hafi hann valið handfestu að handahófi;
- að sögn kranamannsins slakaði hann strax og kallað var á hann og taldi að þá hafi höndin losnað;
- að spilmaður sagðist ekki hafa orðið fyrir því fyrr að menn hafi klemmst svona á milli en vita til þess að ekki sé óalgengt að kör falli svona niður í hvert annað. Það sé því varasamt að halda í kör þegar annað er ofan á því en þau geta verið misslitin og ekki almennilega samstæð. Þá gætu stroffurnar í krókunum hafa ýtt við efsta karinu.

Nefndarálit:

Orsök slyssins voru óvarleg vinnubrögð skipverja við þróngar aðstæður.

Nefndin bendir á að þekkt sé að kör falli svona saman m.a. vegna þess að þau eru ekki nægjanlega samstæð og þegar þau eru orðin kjöguð og slitin af langri notkun. Sjá t.d. mál nr. 033/06.